



Nefndarsvið Alþingis,
Atvinnuveganefnd Alþingis
Sent með tölvupósti á nefndasvid@althingi.is

Reykjavík, 13. maí 2024

Efni: Umsögn NASF á Íslandi til Atvinnuveganefndar Alþingis um 930. mál - Lagareldi

Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík. („NASF“) er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að megin-markmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og framkvæmdastjóri er Elvar Friðriksson kt. 111189-2349.

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna kt. 550692-2449, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

Umsögn

1. Inngangur

Umsögn NASF snýr fyrst og fremst að þeim atriðum frumvarpsins er snúa að sjókvíaeldi. NASF ásamt mörgum öðrum samtökum og einstaklingum bundu miklar vonir við það að stjórnvöld myndu læra af reynslunni og grípa inn í og stöðva það umhverfisslys sem fylgir sjókvíaeldi. Í fyrstu virtist allt benda til þess en það hefur breyst eftir vinnu Matvælaráðherra. Á síðasta ári leituðu þúsundir frjórra eldislaxa upp í íslenskar ár og versti lúsafaraldur í sögu iðnaðarins geysaði og eftir það virtist Matvælaráðherra og aðrir hlutaðeigandi sammála um það nú þyrfti að grípa rækilega inn í.

Starfshópar voru stofnaðir og ólíkt ferlinu í síðustu lagasetningu um fiskeldi var náttúruverndarsamtökum veitt sæti að borðinu haft með í ráðum við gerð frumvarpsins. NASF hefur ítrekað komið afstöðu sinni á framfæri, þ.e. að ekki ætti að stunda opið sjókvíaeldi á Íslandi í ljósi reynslu annara þjóða og slæmrar stöðu villtra laxastofna í dag. Þegar frumvarpið

var birt var það vissulega ekki það sem NASF vonaðist eftir, en þó var margt sem var betrubæting frá fyrri lögum. Í samráðsgátt bárust 311 umsagnir og yfirgnæfandi meirihluti þeirra fór fram á að iðnaðurinn yrði bannaður hér á landi út af þeim umhverfisáhrifum sem hann hefur í för með sér. Einungis örfáar umsagnir voru hlynntar sjókvíaeldi. Samt virðist það því miður vera þannig að aðallega var tekið mark á einni umsögn. Það var umsögn SFS, hagsmunasamtaka sjókvíaeldisiðnaðarins. Þrátt fyrir að náttúruverndarsamtök og veiðiréttareigendur hefðu varað við öllum þeim stórslysum sem hafa átt sér stað í sjókvíaeldinu, virðast athugasemdir þeirra ekki hafa sama vægi og athugasemdir SFS. Þemað í umsögn SFS var að nota hugtök eins og stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi, lögmætar væntingar og eignaréttur. Að mati NASF má lesa þetta þannig að ef Alþingi leyfir iðnaðinum ekki að komast upp með umhverfisskaðann, þá verður íslenska ríkið skaðabótaskyld.

Nú nýlega birtist frumvarpið aftur eftir samráð og því miður var búið að taka það litla bit úr því sem var fyrir. Búið var að draga úr eða jafnvel afnema refsingar og þar af leiðandi verið að gefa grænt ljós á umhverfisskaðann. Þetta er sorgleg þróun og má með sanni segja að frumvarpið í núverandi mynd sé frumvarp til höfuðs íslenskrar náttúru. Opið sjókvíaeldi á frjóum laxi mun gera út af við villta laxastofna. Hvergi annars staðar hefur tekist að búa til regluverk sem kemur í veg fyrir umhverfisskaðann. Hví ætti það að vera raunin hér? NASF biðlar til nefndarmanna Atvinnuveganefndar að gera allt í sínu valdi til þess að vernda villta laxinn og íslenska náttúru. Það er mikilvægt að vanmeta ekki hvað er í húfi hérna og standa í lappirnar. Það er nú eða aldrei fyrir villta laxinn.

Það sem hefur þó vakið mesta athygli almennings og ráðamanna er sú grein frumvarpsins sem leggur til að leyfi í sjókvíaeldi verði ótímabundin. Þetta vekur eðlilega furðu almennings, enda er það sérstakt að ætla að afhenda erlendum stórfyrirtækjum okkar ómetanlegu náttúruauðlindir, og það endurgjaldslaut. NASF vill þó ítreka fyrir Atvinnuveganefnd að þetta er einungis eitt atriði af mörgum sem má ekki verða að lögum. Hér fyrir neðan verður farið yfir helstu atriði frumvarpsins og hvernig þau munu ekki koma til með að vernda íslenskan lax og íslenska náttúru.

2. Ótímabundin leyfi – hvað er verið að leyfa ótímabundið?

Eftir að gagnrýnisraddir byrjuðu að heyrast varðandi ótímabundnu leyfin hóf Matvælaráðherra að útskýra hvers vegna væri verið að leggja þetta til. Vegna þess að ekki væri hægt að hafa nægilega mikla stjórn á iðnaðinum ef leyfin væru tímabundin. Hins vegar hefur nú komið fram í fjölmiðlum að það standi líklega til að breyta þessu á þann hátt að leyfin verði tímabundin. Það er því erfitt að vita nákvæmlega hverju á að trúna, en það skal tekið fram að NASF er ekki með sérfræðipokkingu á opinberri stjórnsýslu. Hins vegar sýnir þetta að ef kjörnir fulltrúar vilja þóknast náttúrunni og kjósendum frekar en hagsmunum fiskeldisfyrirtækja, þá er það hægt. Þar sem að ekki er búið að staðfesta endanlega hvernig þetta endar með tímalengd leyfanna vill NASF koma hér á framfæri nokkrum atriðum sem varpa ljósi á hvað nákvæmlega væri verið að heimila ótímabundið.

Með ótímabundnum leyfum væri verið að heimila erfðablöndun villtra laxastofna og þar með útrýmingu hans. Það væri verið að heimila notkun á eiturefnum sem hafa skaðleg áhrif á vistkerfið, mengun hafs, dýraníð á skala sem aldrei hefur sést áður á Íslandi og síðast en ekki

síst, væri verið að heimila nokkrum fyrirtækjum að þurrka út þá auðlind sem 2.250 lögbýli á Íslandi treysta á. Þessi lögbýli treysta á tekjur af villtum laxastofnum, enda er Ísland síðasta vígi villta laxins og fólk kemur alls staðar af úr heiminum til þess að veiða óspilltar ár Íslands.

Fyrirtækin sem væru að fá þessu ómetanlegu auðlind hafa sýnt það ítrekað að þau eru ekki traustsins verð og að náttúruvernd er ekki þeirra áhersla, heldur arðsemiskrafa hluthafa þeirra. Sem dæmi má nefna að MOWI ætlar sér ekki lengur að tjá sig um hversu hátt hlutfall laxa þeirra er með alvarleg sár eða útlitseinkenni, vegna þess að það getur haft áhrif á samkeppnishæfi þeirra ¹. Einnig ber að minna á að þetta sama fyrirtæki bar ábyrgð á einu stærsta umhverfissýsi Íslandssögunnar þegar 3.500 kynþroska laxar sluppu úr kvíum þeirra á Vestfjörðum á seinasta ári. Í viðauka 1 má finna yfirlit yfir þau umhverfistjón sem meirihlutaeigendur sjókvíaeldisfyrirtækja á Íslandi hafa borið ábyrgð á undanfarin ár.

NASF biðlar til Atvinnuveganefndar að leggja ekki til slíkt arðrán þar sem sérhagsmunir veða þyngra en hagsmunir náttúrunnar og almennings.

3. Erfðablöndun

Erfðablöndun á laxi er ein helsta ógnin sem steðjar að villtum laxi í dag. Í Noregi eru um 70% stofna nú erfðablandaðir og er vísindasamfélagið þar sammála um að stærsta ógnin við villta stofna er opið sjókvíaeldi á frjóum laxi ². Hér á landi er notast við frjóan norskan lax í sjókvíaeldi, sem er framandi stofn á Íslandi. Þetta er t.d. ekki leyfilegt í Noregi, vegna þess að hættan frá erfðablöndun er enn meiri, þar sem að villtu- og eldisstofnarnir eru orðnir svo fjarlægir hvor öðrum í genamengi.

Laxastofnar á Íslandi hafa aðlagast sínum heima-ám síðan á síðustu ísöld. Stofnarnir eru einstakir, bæði þeir litlu og þeir stóru. Við höfum engan rétt á að útrýma þessum stofnum, en það er það sem sjókvíaeldi mun á endanum gera. Eins og flestir vita hafa laxar sloppið úr kvíum hér við land með alvarlegum afleiðingum. Þetta mun gerast aftur, og þetta mun gerast oftar og með styttra millibili ef að iðnaðurinn fær að stækka. Sem dæmi sluppu nýverið 14.000 7-8 kílóa laxar í Noregi, þrátt fyrir að verið sé að notast við alla þá tækni sem við á Íslandi ætlum nú að apa eftir ³. Í þokkabót voru þessir laxar sýktir af sjúkdómum sem getur smitast yfir í villtan lax ⁴. Þetta gerist ítrekað í Noregi, þar sem regluverk hefur verið bætt aftur og aftur, því að þetta er óhjákvæmilegt í opnu sjókvíaeldi.

Það á að vera skilyrðislaus krafa stjórnvalda að ef ala á lax í sjókvíum, þá sé það ófrjór lax. Laxinn mun sleppa ef sjókvíarnar eru opnar, en með því að nota ófrjóan lax væri hægt að koma í veg fyrir einu af verstu afleiðingum fyrir náttúruna.

NASF hvetur nefndarmenn að skoða hlutfall frjórna norskra eldislaxa á Íslandi á móti villtum laxi. Á Íslandi er hrygningarstofn villtra laxa um 20.000 fiskar samkvæmt nýjustu tölum hafrannsóknarstofnunar og fer þeim því miður hratt fækkandi ⁴. Einnig kemur fram að strokulaxar úr sjókvíaeldi eru nú líklega um það bil jafn margir og villtir laxar í náttúru Íslands. Í sjókvíum við Ísland eru um 26 milljónir eldislaxa og ekki búið að nýta nema um helming heimilda. Því miður ganga þessar tölur einfaldlega ekki upp fyrir villta laxinn og að heimila þetta er ekkert annað en dauðadómur fyrir villta laxastofninn.

	Tonn	fjöldi eldisfiska	Villti stofninn	Eldislaxar per 1 villtur	
Noregur	1.564.948	846.636.868	450.000	1.881	Núverandi
Ísland	43.866	23.711.351	20.000	1.186	Núverandi
Ísland	106.000	57.346.000	20.000	2.867	Áætlanir ríkisstjórnar Íslands

Tafla 1. Villtur vs. eldislax í Noregi og Íslandi

Í töflu 1 má sjá hlutfall villtra laxa og eldislaxa. Ef að Ísland heldur áfram á þeirri braut sem við erum á núna mun þetta hlutfall verða miklu hærra á Íslandi en í Noregi, þ.e. það hallar allverulega á villta laxinn. Eins og kom fram hér fyrir ofan er 70% laxastofna í Noregi erfðablandaðir og villti laxinn kominn á valista. NASF biðlar til nefndarmanna að skoða þessi hlutföll og velja upp spurningunni, af hverju höldum við að þetta verði betra hér en í Noregi?

Í núverandi útgáfu af frumvarpinu, nánar tiltekið 48. og 49. grein er búið að draga úr refsingum fyrir stök, sem er grátlegt í besta falli. Eftir strokið sem átti sér stað árið 2023 er erfitt að átta sig á því hvers vegna verið er að gefa afslátt af stroki. NASF mun fjallar nánar um þetta síðar í umsögninni.

Einnig ber að nefna hugtakið „nytjastofn“. NASF gerir þá kröfu að allir villtir laxastofnar séu verndaðir gegn sjókvíaeldi. Það er ekki hægt að segja að frumvarpið styðjist við vistkerfis- og varúðarnálgun þar sem í raun er aðeins verið vernda ákveðna laxastofna. Allir laxastofnar hafa tilverurétt og því ætti að breyta orðalagi frumvarpsins þannig að notast verði við „villtan laxastofn“ en ekki „villtan nytjastofn“.

4. Lús

Í X. Kafla frumvarpsins er fjallað um lús. Í 58. grein er talað um punktakerfi, en NASF vill vekja athygli nefndarmanna á því að engin skilgreind lúsaviðmið eru í frumvarpinu. Lúsinn er eitt stærsta vandamálið í sjókvíaeldi og jafnframt ein stærsta ógnin við villtan lax. Það er algjörlega óásættanlegt að ætla að hleypa í gegn frumvarpi sem tekur ekki almennilega á þessu. Í frumvarpinu kemur fram að skilgreina skuli lúsaviðmið í reglugerð. NASF hvetur Atvinnuveganefnd að hafna frumvarpi sem ekki setur fram ströngustu kröfur er varðar lús. Hér má t.d. vísa í NASCO NGO staðlana sem NASF hefur ítrekað sent til stjórnvalda síðastliðin ár⁵.

5. Afföll

Í frumvarpinu er lagt til að fyrirtæki fá að halda starfsemi sinni óskertri jafnvel þó allt að 20% eldisdýranna drepist í ferlinu. Í hvaða annari búgrein væru þetta ásættanleg afföll? Ef að ein af hverjum fimm kúm myndi drepast á bóndabæ, vegna þeirra aðstæðna sem þær eru aldar í, fengi viðkomandi bóndi að halda áfram á sömu braut? NASF skorar á nefndarmenn að leita

upplýsinga hjá MAST um affallstölur úr öðrum greinum og setja síðan mun strangari kröfur í frumvarpið. Á síðastliðnum tveimur árum hafa meira en 7,5 milljónir eldislaxa drepist í sjókvíum við Ísland⁶. Þetta myndi ekki líðast í neinum öðrum iðnaði.

Ef það á að hafa hvatakerfi til að reyna að halda afföllum í lágmarki, ætti að refsa fyrir a.m.k. allt yfir 10% afföll á kynslóð.

6. Umhverfisábyrgð

NASF blöskrar að sjá hvernig frumvarpið kemur í veg fyrir að sjókvíaeldisfyrirtæki beri í raun ábyrgð á umhverfisslysum sem þau valda. Sektor vegna stroks eru ekki lengur í formi framleiðsluskerðingar, heldur eru nú fjársektir, sjá 48. grein. Það sem er verst, er að það er þak á þessum fjársektum og því tryggt að fyrirtækin þurfa aðeins að greiða fyrir hluta af tjóninu. Tökum sem dæmi sleppinguna hjá Arctic Fish síðastliðið haust. Þar sluppu um 3.500 laxar (samkvæmt fyrirtækinu). Af þeim náðu bændur, sjálfboðaliðar, veiðifólk og norskir kafarar að fanga 463 laxa. 310 af þeim í ám sem tekið er tillit til í áhættumati erfðablöndunar og 153 í ám sem ekki er tekið tillit til í áhættumati erfðablöndunar.

Í frumvarpinu er sett hámark á fjársektir fyrir strok, og undir þessum nýju lögum sem eru nú í höndum nefndarinnar þyrfti Arctic Fish einungis að borga fyrir 44% af þeim fiskum sem fundust í ánum. Með öðrum orðum, 56% afsláttur af umhverfishryðjuverki. Það er vert að benda á það að 3.500 laxa slepping þykir frekar lítil í þessum iðnaði. Þannig að afslátturinn sem hér er verið að veita gæti verið töluvert meiri í stærri sleppingum.

Þetta er ekki boðlegt. Hvers vegna þarf að gefa afslátt af þessu? Hversu sterk eru öfl sjókvíaeldisfyrirtækjanna ef þau ná að sannfæra ráðamenn um að leyfa sér að komast upp með þetta? Umhverfisábyrgðin er engin.

Að auki má nefna að til þess að hægt sé að sekta fyrir strokulax, þarf þessi lax að veiðast, það þarf að drepa hann, það þarf að fara með hann til Hafrannsóknarstofnunar í tímafreka sýnatöku, og þá fyrst er hægt að sekta. Það þurfa mjög margir hlutir að ganga upp til þess að eitthvað sé aðhafst. Flestir fiskar sem sleppa út úr sjókví veiðast því miður ekki, og það munu líða nokkur ár áður en við vitum almennilega umfang erfðaskaðans sem átti sér stað í íslenskum ám síðasta haust. Frumvarpið heldur því fram að notast sé við varúðarreglu og vistkerfisnálgun. Það er því miður ekki rétt. Það er nauðsynlegt, og ætti vera eðlileg krafa, að sjókvíaeldisfyrirtæki þurfi að merkja allan eldislax, svo það sé örugglega hægt að þekkja hann frá villtum laxi. Þetta er hægt að gera með merkingum eða uggaklippingu. Á meðan þetta er ekki gert er það gulltryggt að eldislaxar munu veiðast í íslenskum ám og þeim sleppt aftur vegna þess að veiðifólk þekkir ekki útlitslegan mun á villtum og eldislaxi. Hér er náttúran ekki að njóta vafans og engin veit fyrr en skaðinn er skeður hversu alvarlegar afleiðingar þetta getur haft í för með sér.

Í fyrri drögum frumvarpsins var einnig lagt til að sektað væri fyrir „óþekkt strok“ með því að draga úr framleiðsluheimildum. Þetta var í 49. grein frumvarpsins. Þar er átt við að ef misræmi er í tölum er snúa að fjölda fiska sem fór ofan í kví og upp úr, ásamt því að taka tillit til affalla, þá þýðir það strok. Þetta geta verið alvarlegustu strokin vegna þess að það getur liðið mjög

langur tími frá því að strokið á sér stað og þangað til það er uppgötvað. Til dæmis gerðist þetta hjá Arnarlaxi árið 2021, en þá kom í ljós að meira en 80.000 laxar höfðu sloppið. Það kom ekki í ljós fyrr en löngu seinna og í þokkabót tilkynnti fyrirtækið ekki um strokið og beitti sér svo fyrir veiðum á strokfiski. Strok af þessu tagi eru algeng í þessum iðnaði og mjög alvarleg. Afleiðingarnar á stroki sem þessu koma fyrst í ljós mörgum árum seinna þegar það er orðið of seint.

Í nýjustu útgáfu frumvarpsins er búið að afnema refsingar með öllu þegar óþekkt strok á sér stað. Það er í raun óskiljanlegt að það eigi að gefa 100% afslátt af umhverfisskaða eins og þessum. NASF ítrekar aftur fyrir nefndarmönnum að standa með náttúrunni og villta laxinum og ekki samþykkja frumvarp sem inniheldur blessun yfir svona náttúruniði. Við þessu eiga að vera þungar refsingar í formi skerðinga á framleiðsluheimildum.

7. Eftirlit

Það stendur til að stórauka fjárframlög til eftirlitsstofnanna og er það jákvætt. Hins vegar er það svo að meginþorrinn af eftirlitinu er ennþá í höndum fyrirtækjanna sjálfra og undirverktaka þeirra sem engin opinber stofnun á Íslandi treystir sér til þess að votta. Þessi fyrirtæki hafa sýnt að þau eru ekki traustsins verð þegar kemur að því að hafa eftirlit með sjálfum sér⁷.

Það er mikilvægt fyrir nefndarmenn að átta sig á því að þetta eru allt fyrirtæki sem eru skráð á markað, og fréttir af stroki, lús, afföllum og fleiru geta hafa verulega neikvæð áhrif á markaðsverð þeirra. Það er því galið að fela þeim að hafa eftirlit með eigin starfsemi. Þetta kerfi myndar sterka hvata til þess að leyna og hagræða upplýsingum sér í hag. Eftirlit með mengandi iðnaði þarf að vera sterkt, óháð og óvænt. Annars er ekki verið að beita varúðarreglu og náttúran fær ekki að njóta vafans.

8. Landeigendur og veiðiréttarhafar

Frumvarpið í núverandi mynd er blaut tuska í andlitið á þeim 2.250 lögbýlum sem hafa beinar tekjur af villtum laxastofnum. Um allt land treystir fólk á heilbrigði villtra laxastofna. Þetta fólk hefur tekjur af veiði í ánum sínum og það skapar að auki fjöldann allan af störfum. Þar má nefna leiðsögumenn, leigutaka, matreiðslufólk, þjónustufólk og bílstjóra. Ef ár landsins verða verðlausar vegna erfðablöndunar og ímyndarskaða munu þessi störf þurrkast út.

Síðastliðið haust kom vel í ljós hversu mikil hætta stafar af sjókvíaeldi. Erlendir veiðimenn eru hikandi við að koma til landsins að veiða út af því að eldislax er nú farinn að ganga upp í árnar okkar. Einnig má nefna að veiðifélög hafa hætt við að setja ár sínar í útboð vegna þess skaða sem sleppingin 2023 olli, og með því án nokkurs vafa glatað tækifæri til aukins hagnaðar. Að draga úr refsingum fyrir strok og ætla að heimila sjókvíaeldi um ókomna tíð er ekkert annað en aðför að lísviðurværi landeigenda og allra þeirra sem treysta á tekjur af villtum laxastofnum. Helstu rökin sem sjókvíaeldið notar til þess að réttlæta starfsemi sína er að verið sé að skapa störf. Er það virkilega stefna stjórnvalda að skapa þessi störf á kostnað annara starfa? NASF skorar á Atvinnuveganefnd að skoða þetta frumvarp frá sjónarhóli landeigenda. Frumvarpið í

núverandi mynd tryggir engan veginn þeirra hag, heldur setur allt sem þau treysta á í hættu. Íslenska ríkið verður ekki síður skaðabótaskyldt ef að eignarréttur og atvinna þessa fólks er skert.

9. Mengun

Frumvarpið tekur ekki sérstaklega á eiturefnanotkun og mengun í sjókvíaeldi. Þrátt fyrir að þetta sé eitt helsta vandamálið í sjókvíaeldi. Á undanförunum árum hafa sjókvíaeldisfyrirtækin hellt lúsaeitri í firðina oftast en 50 sinnum. Þrátt fyrir að sérfræðingar Matvælastofnunar hafi sagt árið 2017 að lús yrði aldrei vandamál á Íslandi vegna þess að sjórinn hér sé svo kaldur. Svo ber að minnast á koparoxíð sem er ásætuvörn. Þetta er þungamálmur sem hefur mjög neikvæð áhrif á vistkerfið. Notkun á því hefur stórauðist en frumvarpið tekur ekki á því vandamáli. Frumvarp um lagareldi mun móta framtíð iðnaðarins, en ekki síður framtíð villtra laxa og náttúru landsins. Það er því glórulaust að ekki sé fjallað betur um mengun í frumvarpinu.

10. Efnahagslegir hvatar

Í frumvarpinu eru settir fram efnahagslegir hvatar með það að markmiði að fyrirtækin færi sig yfir í umhverfisvænni framleiðsluaðferðir, m.a. ófrjóan fisk og lokuð kerfi. NASF tekur því fagnandi að reynt sé að koma þessu í farveg. Hins vegar er það því miður líklega þannig að fyrirtækin sjá sér frekar hag í því að halda áfram á sömu braut. Hærri gjöld á opið sjókvíaeldi verður „cost of doing business“. Ef að það er raunverulegur vilji hjá stjórnvöldum að gera þennan iðnað umhverfisvænni þarf einfaldlega að setja lög og reglur sem kveða á um það. Það á að vera skilyrðislaus krafa að laxinn sé ófrjór og kerfin séu lokuð. Annars er bara verið að taka áhættu með náttúruna.

Opið sjókvíaeldi er ódýrasta og arðbærasta leiðin til að ala lax. Á meðan fyrirtækin eru ekki skikkuð í aðrar framleiðsluaðferðir munu þau ekki gera það. NASF hvetur nefndarmenn að leggja yfir tölurnar og mynda sér skoðun á því hvort þessir hvatar verði til þess að fyrirtækin breyti starfsháttum sínum. Sólarlagsákvæði sem setur einfaldlega tíma á það hvenær fyrirtækin þurfi að vera búin að breyta starfsháttum sínum er raunhæfur og sanngjarn kostur. Að leyfa áframhaldandi opið sjókvíaeldi er ekki sanngjarn kostur fyrir náttúru Íslands.

11. Lýðræði

NASF vill benda nefndarmönnum á að 70% þjóðarinnar er á móti sjókvíaeldi⁸. Það er því afar mikilvægt að í nefndarvinnu sé vilji meirihluti þjóðarinnar hafður að leiðarljósi. Það er óásættanlegt að ætla að fara að gefa þessum iðnaði einhverja afslætti eftir allt sem á undan hefur gengið, og þvert á vilja þjóðarinnar. Þjóðin vill verja villta laxastofna og náttúrulegar auðlindir.

12. Önnur atvinna

Helstu rökin sem notuð eru til að réttlæta sjókvíaeldi er atvinnusköpun. NASF veltir hins vegar upp þeirri spurningu hvort það sé góð byggðarstefna fyrir Vest- og Austfirði að setja öll eggjin í sömu körfuna. Stórfyrirtæki ná óeðlilega miklum tókum á smáum byggðarlögum og mun sú staða koma upp að allt stendur og fellur með sjókvíaeldi í þessum byggðarlögum ef haldið er áfram á sömu braut. Eins og nefndarmenn vita þá er sjókvíaeldi afar umdeilt og mun það bara aukast ef iðnaðurinn fær áfram að komast upp með náttúruspjöll eins og verið hefur hingað til.

Er það virkilega góð byggðarstefna að setja allt traust á þennan iðnað? Það er mat NASF að sjókvíaeldi verði á endanum bannað vegna umhverfisáhrifa. Hvað gerist þá? NASF hvetur nefndarmenn til að íhuga afar vel hvort ekki sé möguleiki á að mynda hvata og góðar aðstæður fyrir umhverfisvænni atvinnuvegi á Vest- og Austfjörðum. Annars er verið að setja öll eggjin í sömu körfuna og á endanum verður svo stigið á körfuna.

13. Úthafseldi

NASF vill benda nefnarmönnum á það að úthafseldi, eins og fjallað er um í frumvarpinu er opið sjókvíaeldi. Vissulega er það lengra út á hafi, en kvíarnar eru mun stærri, geyma miklu fleiri laxa og eru opnar. Það má því ætla að ef slys á sér stað, yrði það af áður óþekktri stærðargráðu. Það er afar mikilvægt að ekki séu veitt nein leyfi til úthafseldis fyrr en búið er að sannreyna með öllu að það muni ekki geta skaðað villta laxastofna.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

1. grein – Markmið

Opið sjókvíaeldi stenst ekki neitt af þeim markmiðum er varða vistkerfi, náttúru og villtan lax sem sett eru fram í greininni. Það er nauðsynlegt að markmiðsgrein lagafrumvarps setji fram raunhæft markmið. Ef að markmiðið er að skaða ekki vistkerfi og villta laxastofna, þá er sólarlagsákvæði, eða endadagsetning fyrir sjókvíaeldi eini kosturinn.

6. grein – Áhættumat erfðablöndunar

NASF ítrekar það sem kom fram fyrr í þessari umsögn. Það er nauðsynlegt að hætta að tala um nytjastofna. Það á að vernda alla villta laxastofna og því nauðsynlegt að breyta orðalagi hér. Einnig er það óásættanlegt að ráðherra ráði því hvaða stofnar eru teknir með í áhættumat. Það eiga að vera allir stofnar.

8. grein – Upprunarakning lax og aðskilnaður í eldi

NASF ítrekar hversu nauðsynlegt það er að merkja allan lax í sjókvíaeldi. Annars er verið að taka mikla áhættu sem er fólgin í því að laxinn verði ekki greindur sem eldislax.

16. grein – Talning upp úr sjókví

Í greininni er talað um „ríkt tilefni“. Það er óskýrt orðalag sem bíður upp á misnotkun. NASF vísar í tillögu sem kemur fram í umsögn Icelandic Wildlife Fund að orðalagi fyrir þessa grein.

48. grein – Þekkt strok

Þessi grein var í fyrri drögum merki um það að nú ætti loksins að láta fyrirtækin axla ábyrgð á umhverfistjóni sínu. Það er óskiljanlegt að nú sé búið að breyta varanlegum skerðingum á framleiðsluheimildum í fjársektir, og það með þaki. Eins og kom fram fyrr í þessari umsögn er hættu á því að það verði „cost of doing business“ fyrir þessi fyrirtæki. NASF skorar á Atvinnuveganefnd að hafa þessar greinar eins sterkar og hægt er. Varanleg skerðing á framleiðsluheimildum er algjör lágmarkskrafa og ætti sú skerðing að vera meiri en lagt var til í fyrstu drögum frumvarpsins.

49. grein – Óþekkt strok

Þessi grein er enn veikari en greinin á undan, þar sem að búið er að afnema allar refsingar fyrir óþekkt strok. Eina sem kom í staðinn er heimild til þess að beita stjórnvaldssektum (en þó ekki krafa um það). NASF veltir því fyrir sér hversu sterk öflin á bakvið sjókvíaeldið eru ef þetta er niðurstaðan. Þessi grein má einfaldlega ekki fara svona í gegn. Það væri dauðadómur fyrir villtan lax og lífríki.

50. grein – Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til stroks

NASF gerir þá kröfu að þessi grein verði fjarlægð með öllu. Að heimila sjókvíaeldi í fjörðum Íslands, þar sem oft geysa fárviðri og hafís er möguleiki, er einfaldlega áhætta þar sem þessi atriði hljóta að vera tekin með í reikninginn. Ef umhverfistjón verður, líkt og strok þá eiga gerendurnir / fyrirtækin alltaf að vera ábyrg.

54. grein – Breytingar á leyfilegum lífmassa vegna affalla

Þessi þarf að vera miklu sterkari, þar sem að núverandi útgáfa af henni heimilar mikil afföll í langan tíma án þess að fyrirtækin séu svipt leyfi. Samkvæmt greininni á skerðingin að vera 3% í senn. Vísað er í 64. grein um forsendubrest, en sú grein virkjast ekki fyrr en fyrirtæki hefur misst 40% af eldisheimildum sínum. Hvers vegna í ósköpunum á að leyfa fyrirtækjum að klúðra svona lengi og í svona miklum mæli áður en þau eru svipt leyfi. NASF vísar í það sem kom fram

hér fyrir ofan, að í engri annari matvælaframleiðslu eða búskap yrði fyrirtækjum leyft að komast upp með svona.

55. grein – Óviðráðanleg ytri atvik sem leiða til affalla

NASF endurtekur það sem kom fram í athugasemd við 50. grein. Þetta er meðvituð áhætta og engin ástæða til þess að koma fyrirtækjum undan ábyrgð.

58. grein – Punktakerfi

NASF ítrekar þá gagnrýni sem kom fram fyrir varðandi lúsina. Engin lúsa-gildi eru skilgreind í frumvarpinu og því ekkert hægt að segja hvort það sé raunveruleg náttúrvernd og dýravernd í þessari grein eða ekki. Ekki er heldur kveðið á um gildi eða viðmið þegar kemur að eiturefnum eða öðrum lúsameðferðum.

64. grein – Forsendubrestur

NASF vísar hér í athugasemdir sínar við 54. grein.


65. grein – Afturköllun rekstrarleyfis til sjókvíaeldis

Orðalag í þessari grein er óskýrt í besta falli. „ítrekuð brot“, „hæfilegur frestur“ og „mjög alvarleg brot“ geta þýtt ýmislegt og er NASF viss um að sjókvíaeldisfyrirtæki horfi öðrum augum á þetta en náttúrurverndarsamtök. Það er því afar mikilvægt að hér sé skilgreint hvað þessi hugtök þýða svo að enginn vafi sé á því hvenær fyrirtæki er brotlegt. Þessi hugtök þurfa að vera skýr og vel skilgreind. Annars er ekkert verndunargildi í þessu og sannarlega ekki verið að beita vistkerfis- og varúðarnálgun.

NASF biðlar til Atvinnuveganefndar að standa vörð um villta laxinn og náttúruna. Vitneskjan um skaðsemi sjókvíaeldis er orðin svo mikil að það er ekki hægt lengur að líta í hina áttina og leyfa náttúruskaðann. Því miður er ástand villtra laxastofna afar dapurt og mun ekki skána ef frumvarpið í núverandi mynd verður samþykkt. Lærum af reynslu annara þjóða í staðinn fyrir að endurtaka þeirra mistök.

NASF vonar að umsögn þessi verði tekin efnislega fyrir og stuðst verði við hana á næstu stigum málsins.

Virðingarfyllst,



f.h. NASF á Íslandi
Elvar Örn Friðriksson

Heimildaskrá

1. <https://e24.no/hav-og-sjoemat/i/jQd9B0/mowi-vil-ikke-lenger-vaere-aapen-om-andelen-fisk-uten-skader>
2. <https://www.vitenskapsradet.no/Portals/vitenskapsradet/Status%20of%20wild%20Atlantic%20salmon%20in%20Norway%202023.pdf>
3. <https://www.mbl.is/200milur/frettir/2024/05/07/miklar-adgerdir-eftr-ad-14-thus-und-laxar-sluppu/>
4. <https://www.mbl.is/frettir/veidi/2024/05/13/strokulaxar-jafn-margir-og-hrygninga-rstofn/>
5. <https://www.mbl.is/200milur/frettir/2024/05/07/strokulaxinn-alvarlega-syktur/>
6. <https://nasco.int/wp-content/uploads/2020/02/CNL1943-NGOs-update-on-salmon-farming.pdf>
7. <https://www.mast.is/is/maelabord-fiskeldis>
8. <https://www.visir.is/g/20222344028d/120-milljona-sekt-logd-a-arnar-lax-vita-vert-ad-gaeslu-leysi>
9. <https://www.mbl.is/200milur/frettir/2023/11/22/taep-70-prosent-andvig-sjokviaeldi/>
10. <https://www.mbl.is/frettir/innlent/2023/10/02/ahaettumat-erfdablondunar-er-sprungid/>

Viðauki 1.

Frumvarpið leggur til að veita sjókvíaeldisfyrirtækjum varanlegan aðgang að auðlindum Íslendinga. Það eru fyrst og fremst þrjú fyrirtæki sem eiga megnið af sjókvíaeldi á Íslandi. Það eru MOWI, SalMar og Masoval. Hér fyrir neðan eru slóðir á umfjöllun um umhverfisáhrif leiðandi fyrirtækja í sjókvíaeldi undan farin ár. Mörg þessara fyrirtækja eru ráðandi í framleiðslu á laxi og umhverfisáhrif þeirra gríðarleg og þau starfa í þeim löndum sem Ísland ætlar sér að nota sem fyrirmyndir þegar kemur að regluverki. NASF vonar að nefndarmenn átti sig á því hvað er verið að heimila hér um ókomna tíð.

Salmon farming giant Mowi argues against legality of \$1 million fine for sea lice violations

<https://www.intrafish.com/salmon/salmon-farming-giant-mowi-argues-against-legality-of-1-million-fine-for-sea-lice-violations/2-1-1364713>

Aquaculture Healthcare Market Analysis And Forecast To 2031: By Product (Drug, Vaccines, Medicated Feed Additives), By Species (Fish, Crustaceans), By Infections (Bacterial Infections, Viral Infections, Parasitic Infections, Fungal Infections) By Route of Administration (Oral, Injectable, Topical), By Distribution Channel (Distributors, Online Stores, Retail/Aqua Stores), And Region

<https://www.globalinsightservices.com/reports/aquaculture-healthcare-market/>

Center for Food Safety

<https://www.centerforfoodsafety.org/blog/6762/records-reveal-us-fisheries-service-censored-key-warnings-of-industrial-aquaculture-impacts>

'It's like a town with no sewerage system': Row over proposed Connemara fish farm goes to heart of bigger conflict

<https://www.irishtimes.com/environment/2022/08/02/row-over-proposed-fish-farm-in-connemara-puts-licensing-system-under-the-microscope/>

Salmon: The way they live, the food they eat, and the effect on us

<https://naturalhistorymag.com/features/013958/salmon>

Offshore fish farms: a new wave of food production ... or the 'wild west' of ocean pollution?

<https://www.theguardian.com/environment/2022/jul/20/offshore-fish-farms-a-new-wave-of-food-production-or-the-wild-west-of-ocean-pollution>

Salmon Farming's Dirty Business

<https://www.ecowatch.com/farmed-salmon-book.html>

Fish farm pesticide 'risk' for swimmers, says industry report

<https://theferret.scot/pesticide-risk-swimmers-fish-farm%ef%bf%bc/>

Battle over sea lice heats up ahead of British Columbia salmon farm license renewal decision

<https://www.intrafish.com/aquaculture/battle-over-sea-lice-heats-up-ahead-of-british-columbia-salmon-farm-license-renewal-decision/2-1-1204741>

Sea lice are becoming more resistant to pesticides - that's a problem for B.C.'s beleaguered salmon farms

<https://thenarwhal.ca/bc-sea-lice-farmed-salmon-data/>

Salmon lice in the Pacific Ocean show evidence of evolved resistance to parasiticide treatment | Scientific Reports - Nature.com

<https://www.nature.com/articles/s41598-022-07464-1>

Salmon farm antibiotics leap 50 times

<https://theferret.scot/antibiotics-salmon-farm-50-times/>

'A lot of salmon died': Ahousaht Guardians look to watershed restoration amid B.C.'s dangerously dry summer

<https://thenarwhal.ca/bc-drought-ahousaht-salmon/>

GSA & allies in court to save wild salmon from fish farms

<https://georgiastrait.org/press/gsa-allies-in-court-to-save-wild-salmon-from-fish-farms/>

Save the endangered Pacific wild salmon stocks from fish farms

<https://ecojustice.ca/news/conservation-coalition-in-court-to-save-endangered-wild-salmon-stocks-from-fish-farms/>

Canada's Limits on Sea Lice in Salmon Farms Don't Measure Up

<https://hakaimagazine.com/news/canadas-limits-on-sea-lice-in-salmon-farms-look-lousy-compared-to-other-countries/>

Disastrous welfare ranking system represents a dangerous development

<https://www.salmonbusiness.com/disastrous-welfare-ranking-system-represents-a-dangerous-development/>

Producers must do better, says welfare group

<https://www.fishfarmermagazine.com/2023/11/30/producers-must-do-better-says-welfare-group/>

Salmon welfare scorecard reveals big hurdles for major suppliers

<https://www.thegrocer.co.uk/fish/salmon-welfare-scorecard-reveals-big-hurdles-for-major-suppliers/685791.article>

Salmon farming giant withdraws site from scheme after finding lice-infested fish

<https://www.dailyrecord.co.uk/news/scottish-news/salmon-farming-giant-withdraws-scots-31527433>

Arnarlax owner faces high lice bill

<https://www.fishfarmermagazine.com/2023/11/17/arnarlax-owner-faces-high-lice-bill/>

Arctic Fish treats a second Iceland fjord for sea lice

<https://www.undercurrentnews.com/2023/11/10/arctic-fish-treats-a-second-iceland-fiord-for-sea-lice/>

Mowi's Arctic Fish takes multi-million earnings hit on sea lice related salmon cull
<https://www.intrafish.com/finance/mowis-arctic-fish-takes-multi-million-earnings-hit-on-sea-lice-related-salmon-cull/2-1-1550687>

Activists claim Icelandic salmon farms' sea lice are 'unprecedented crisis'
<https://www.undercurrentnews.com/2023/11/06/activists-claim-icelandic-salmon-farms-sea-lice-are-unprecedented-crisis/>

